

Mál nr. 117/2004

**M
og
Vátryggingafélagið X hf.**

Ágreiningur um greiðslu bóta fyrir tímabundið atvinnutjón af völdum umferðarslyss.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.6.2004.
2. Þrjú læknisvottorð, dags. 21.10.2003, 24.10.2003 og 10.2.2004.
3. Skattframtal 2003.
4. Launaseðlar fyrir júní-, júlí-, ágúst- og septembermánuði 2003.
5. Sundurliðun á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir mánuðina júlí til september 2003.
6. Yfirlýsing G ehf., dags. 17.11.2003.
7. Tvö bréf Tryggingastofnunar ríkisins til málskotsaðila, dags. 23.10.2003 og 10.3.2004.
8. Útskrift úr hlutafélagaskrá vegna G ehf.
9. Bréf lögmans málskotsaðila, dags. 22.3.2004.
10. Bréf X, dags. 19.4.2004, 2.6.2004 13.7.2004 og 11.8.2004.
11. Bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 26.4.2004 og 30.4.2004.

Málsatvik.

Þann 18.9.2003 hlaut M tognunaráverka á háls- og mjóhrygg í umferðarslysi. Ekki er um það deilt að líkamstjón hennar skuli bætt af Vátryggingafélaginu X hf. M var barnshafandi, þegar slysið varð, og ól hún barn sitt tólf dögum síðar, eða 30.9.2003. M sótti um hámarks fæðingarorlof til Tryggingastofnunar ríkisins (TR). Umsókn M um greiðslur úr Fæðingarorlofsjóri var hafnað, en þess í stað var henni greiddur fæðingarstyrkur. Ástæða synjunarinnar var sú að M fullnægði ekki skilyrðum 1. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof um að hafa verið samfelld sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdags fæðingarorlofs.

Fyrir liggja handskrifaðir og ódagsettir launaseðlar um að í júní 2003 hafi M haft í laun hjá G ehf. kr. 328.660, kr. 330.400 í júlí, kr. 341.220 í ágúst og kr. 341.220 í september sama árs. Skilagrein staðgreiðslu tekjuskatts vegna þessara launa fyrir mánuðina júlí, ágúst og september var móttakin hjá sýslumanni þann 3.3.2004. Samkvæmt skattframtali 2003 hafði M engar vinnutekjur á árinu 2002. Samkvæmt yfirlýsingu G, dags. 17.11.2003, hugðist M halda áfram við störf hjá fyrirtækinu “strax eftir fæðingu.” En í ljósi umferðarslyssins hafi hún verið talin óvinnufær um óákveðinn tíma.

Með bréfi lögmans M til X, dags. 22.3.2004, var krafist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón og byggði krafan m.a. á fyrrgreindum launaseðlum frá G. X hafnaði því að greiða M bætur fyrir tímabundið atvinnutjón sem byggðust á launaseðlum eða yfirlýsingu G frá 19.11.2003.

Álit.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir úrskurðarnefnd er hér einungis til úrlausnar hvort M geti kafið X um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón á grundvelli fyrirliggjandi launaseðla frá G vegna mánaðanna júní til september 2003 eða yfirlýsingar G frá 19.11.2003.

Samkvæmt gögnum málsins er upplýst að barnsfaðir M er stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir G. Þá er M varamaður stjórnar. Starfsemi G er smábátaútgerð. Ekkert liggur fyrir hvaða störfum M gegndi hjá G mánuðina fyrir slysið. Þá liggja engin gögn fyrir sem sýna fram á með ótvívæðum hætti að G hafi greitt M þau laun, sem tilgreind eru á launaseðlum eða á þeim tíma sem seðlarnir segja til um. Skilagreinum vegna staðgreiðslu

af laununum var skilað til innheimtumanns ríkissjóðs fimm til átta mánuðum eftir að einstökum launátímabilum lauk. Að þessu virtu verður ekki talið að gögn þau sem M byggir kröfur sínar á og mál þetta snýst um, séu fullnægjandi sönnunargögn um tekjutap hennar af völdum umfeðarslyssins. Við svo búið verður að fallast á það með X að M geti ekki reist kröfur sínar um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón á umræddum gögnum.

Niðurstaða.

Krafa M á hendur X um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón verður ekki byggð á fyrirliggjandi launaseðlum frá G ehf. fyrir mánuðina júní til september 2003 eða yfirlýsingu fyrirtækisins frá 19.11.2003.

Reykjavík, 17. ágúst 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.